

REGLUGERÐ

fyrir Orlofssjóð Stéttarfélags verkfræðinga

1. Heiti sjóðsins er Orlofssjóður Stéttarfélags verkfræðinga (OSV). Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn er eign Stéttarfélags verkfræðinga (SV).
2. Tilgangur sjóðsins er að bjóða sjóðsfélögum upp á orlofsgistingu.
3. Aðild að OSV byggist á því að greitt sé iðgjald til sjóðsins. Iðgjaldið skal fylgja samningsbundnu orlofsiðgjaldi verkfræðinga hjá ríkinu. Sjóðsfélagi telst segja sig úr OSV ef umsamin gjöld hætta að berast sjóðnum, þó þannig að hafi sjóðsfélagi greitt samfellt í sjóðinn undangengin 2 ár heldur hann réttindum í 2 ár. Réttindin minnka samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins. Sjóðsfélagi getur ekki gert kröfu til sjóðsins við úrsögn.
4. Tekjur sjóðsins eru iðgjöld samkvæmt samningi félagsmanna OSV við atvinnurekanda eða eigin framlög félaga OSV (samanber grein 3) og aðrar tekjur.
5. Stjórn Stéttarfélags verkfræðinga (SV) skipar stjórn OSV. Stjórnin skal skipuð allt að fimm sjóðsfélögum. Stjórnin skiptir með sér verkum. Hætti stjórnarmaður skal stjórn SV skipa nýjan mann í hans stað. Framkvæmdastjóri SV skal sitja stjórnarfundum og vera starfsmaður OSV.
6. Stjórn OSV hefur umsjón með fjármálum sjóðsins, innheimtu iðgjalda, gerð samninga og öðru því sem stjórn OSV ákveður að bjóða félagsmönnum. Framkvæmdastjóri SV sér um daglega umsjóu sjóðsins. Stjórn OSV skal bera undir stjórn SV allar fjárhagsskuldbindingar sem nema hærri upphæð en árstekjum sjóðsins. Endurskoðendur ársreikninga SV eru jafnframt endurskoðendur ársreikninga OSV.
7. Stjórn OSV skal fyrir aðalfund SV leggja fram ársreikning og skýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfi síðastliðins árs og áætlun fyrir næsta ár.
8. OSV greiðir ákveðið hlutfall af tekjum sínum til SV til að standa straum af kostnaði vegna reksturs OSV. Stjórn OSV semur við skrifstofuna um þetta hlutfall og leggur fram til samþykktar fyrir stjórn SV. Fyrir vinnu stjórnarmanna er greitt allt að 3% af tekjum sjóðsins í þóknun.
9. Um önnur atriði en þau, sem ákveðin eru í reglum þessum, fer eftir lögum og reglum SV. Allar breytingar á reglugerð þessari skulu staðfestar af stjórn SV.

Breytingar samþykktar á 1049. stjórnarfundum SV 10.10.2000

Breytingar samþykktar á 1206. stjórnarfundum SV 01.04.2009